

1919

Föstudaginn 29. nóvember 1991.

Nr, 278/1988. **Protabú Porteins Ingasonar**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Sparisjóði Suður-Þingeyinga

(Ásgeir Thoroddsen hrl.).

Dómsátt. Frávisun frá Hæstarétti. Fjárnám. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henryrson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. september 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. ágúst 1988 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Dómkröfur hans eru þær, „að hin áfrýjaða dómsátt verði úr gildi felld og hin áfrýjaða fógetagerð ómerkt. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnda að mati Hæstaréttar“.

Dómkröfur stefnda eru þær, „að hin áfrýjaða dómsátt verði staðfest og hin áfrýjaða fógetagerð standi óhöggðu. Jafnframt er þess krafist að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti“.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu stefnda, að á árinu 1990 hafi Sparisjóður Reykdæla hætt sjálfstæðri starfsemi og verið sameinaður Sparisjóði Kinnunga og Sparisjóði Aðaldæla. Á árinu 1990 hafi þeir sameinast í nýjan sparisjóð undir heitinu Sparisjóður Suður-Þingeyinga, sem tekið hafi við aðild málsins.

I.

Þorsteinn Ingason, Kárhóli í Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjar-sýslu, átti bankaviðskipti við Sparisjóð Reykdæla og stofnaði til skuldar við sparisjóðinn. Hinn 2. febrúar 1988 lagði lögmaður sparisjóðsins fram löghaldsbeiðni í fógetarétti Reykjavíkur. Gerðarþoli, Þorsteinn Ingason, mætti sjálfur í réttinum, og viðurkenndi hann kröfu sparisjóðsins eins og hún var sett fram. Í fógetaréttinum varð síðan með aðilum svofelld sátt:

1920

„Gerðarþoli Þorsteinn Ingason, nnr. 9744-2479, lofar að greiða gerðarbeiðanda, Sparisjóði Reykdæla, kr. 2.445.595,19, auk vaxta og kostnaðar, kr. 2.117.479,20, til 1.2.1988 og hæstu lögleyfðu dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, kr. 192.220,00, þ.m.t. sölusk. Þannig: allt þ. 2.2.1988.

Sátt þessi er aðfararhæf.“

Hinn 3. febrúar 1988 mætti lögmaður Sparisjóðs Reykdæla aftur í fógatarétti Reykjavíkur og krafðist nú fjárnáms til tryggingar á skuld Þorsteins Ingasonar samkvæmt ofangreindri dómsátt. Þorsteinn mætti sjálfur. Fógeti færði því næst til bókar:

„Gerðarþoli er sjálfur mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt, en bendir á til fjárnáms fiskverkunarhús í landi Hóla og Lauts í Reykjadal. Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælir því, þar sem ofangreindar fasteignir séu mikið veðsettar, en krefst fjárnáms í lausafé og bendir á hlutafé gerðarþola í Hólma-drangi hf. Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í hlutabréfaeign gerðarþola í Hólma-drangi hf., en bréfin eru talin vera í vörslu sýslumannsins í Strandasýslu á Hólma-vík.“

Áður hefði Búnaðarbanki Íslands gert fjárnám í hlutabréfunum, og voru þau seld á nauðungaruppboði í uppboðsrétti Strandasýslu 9. febrúar 1988. Uppboðskaupandi var Búnaðarbanki Íslands, sem fékk bréfin sem ófullnægður veðhafi. Engin greiðsla kom í hlut Sparisjóðs Reykdæla.

Bú Þorsteins Ingasonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 22. apríl 1988. Á skiptafundi í þrotabúinu 4. ágúst 1988 var samþykkt að áfrýja „dómsátt og fjárnámi Sparisjóðs Reykdæla gegn Þorsteini Ingasyni“.

II.

Af hálfu áfrýjanda er á því byggt, að nauðsynlegt hafi verið að áfrýja dómsáttinni til ógildingar, þar sem hún hafi verið gerð innan sex mánaða, áður en bú Þorsteins var tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt VIII. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, einkum 58. gr., sé fullnustugerð í eignum þrotamanns svo skömmu fyrir frest dag ekki bindandi fyrir búið. Þá hafi dómsáttin verið gerð með þeim hætti, að hún geti ekki talist bindandi fyrir búið.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skuld Þorsteins við Sparisjóðs Reykdæla hafi verið til komin vegna yfirdráttar á tékka-

1921

reikningi hans, innstæðulausra ávísana og gjaldfallins skuldabréfs, sem hann hafi borið ábyrgð á. Hvorki hafi vafi leikið á um greiðsluskyldu hans né fjárhæð skuldarinnar og því ekkert óeðlilegt við það, að gerð var dómsátt, er málið var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur. Þá sé engin lagastoð fyrir framkominni kröfu um að fella sáttina úr gildi.

III.

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 6. gr. laga nr. 28/1981, segir, að höfða megi dómsmál með venjulegum hætti til að fá réttarsátt staðfesta eða ógilta að hluta eða öllu leyti. Hvorki Þorsteinn Ingason né áfrýjandi hafa farið þessa leið. Eigi verður talið, að skilyrði hafi verið til þess samkvæmt ákvæðum gjaldþrotalaga að áfrýja sátt þessari. Ber samkvæmt framansögðu að vísa kröfu áfrýjanda um ógildingu á dómsáttinni frá Hæstarétti.

IV.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á nokkra galla á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð. Eigi verður talið, að ákvæði 58. gr. gjaldþrotalaga eða önnur ákvæði VIII. kafla laganna skjóti stoðum undir þá kröfu áfrýjanda, að ómerkja beri fjárnámsgerðina. Á hún því að vera óröskuð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Framangreindri kröfu er vísað frá Hæstarétti.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð á að vera óröskuð.

Áfrýjandi, þrotabú Þorsteins Ingasonar, greiði stefnda, Sparisjóði Suður-Þingeyinga, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.